

Föstudaginn 1. mars 1991.

Nr. 89/1991. **Ákærvaldið**

gegn

Steingrími Njálssyni.

Kærumál. Munnlegur málflutningur. Gæsluvarðhald.
Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. febrúar 1991. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað í hérað að nýju til löglegrar málsmeðferðar. Til vara krefst hann þess, að kröfu ákærvalds um gæsluvarðhald og geðheilbrigðisrannsókn verði hafnað. Til þrautavara er þess krafist, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur í fimm sólarhringa. Þá er krafist réttargæsluþóknunar og kærumálaskostnaðar úr ríkissjóði.

Ríkissaksóknari krefst þess með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar og kröfugerðar ákærvalds fyrir sakadómi Reykjavíkur, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Mál þetta var flutt munnlega fyrir Hæstarétti.

I.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal álitsgerð Högna Óskarssonar geðlæknis, dagsett 25. febrúar 1991. Þar segir meðal annars svo:

„Það er mat undirritaðs, að ekki sé þörf á að framkvæma formlega geðrannsókn á Steingrími Njálssyni að svo stöddu, og er því hér vísað annars vegar til geðrannsóknar, sem undirritaður framkvæmdi í apríl og maí á síðasta ári, og hins vegar til geðlæknisráðgjafar, sem framkvæmd var að beiðni Þórarins Gíslasonar fangelsislæknis þ. 22. þ.m.

Beiðið var um ofangreinda geðlæknisráðgjöf af Þórnari og eins

fyrir tilstuðlan Sigurðar Árnasonar fangelsislæknis vegna skapofsakasta Steingríms og hótana.

Í samtölum við Sigurð Árnason lækni kom fram, að Steingrímur hafði haft í frammi hótanir við hann og sýnt af sér í viðtali mjög hömlulaust atferli. Eins var það mat Sigurðar, að Steingrímur hefði virkað (sic) æ spenntari og geðstirðari en áður í einhvern tíma.

Í samtölum við fangaverði hegningarhússins daginn, sem geðlæknisráðgjöfin fór fram, töldu þeir Steingrím hafa verið frekar viðmótsþýðan við fangaverði undanfarandi vikur.

Í viðtali við Steingrím, sem fram fór í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg þ. 22. þ.m., kom eftirfarandi fram:

Steingrímur var rólegur í viðtalinu og kvaðst alls ekki kannast við ástæður samtals okkar. Tal hans var skýrt, hugsun í samhengi, án óeðlilegra rofa eða innskota. Raunveruleikatengsl voru innan eðlilegra marka, og ekki var að finna neinar haldvillur eða truflanir á skynjun. Hann afneitaði mjög ákveðið skapofsaköstum, gerði fyrst lítið úr eigin reiði, en réttlætti hana svo út frá erfiðum aðstæðum. Eins og svo oft áður þá kenndi hann öðrum um, hvernig fyrir sér væri komið, og neitaði, að hann hefði nokkur hefndarform í huga.

Innsæi í eigin mál var lítið og dómgreind léleg, f.o.f. í málum, sem sneru að félagslegum högum hans og mannlegum samskiptum. Kom þetta m.a. vel fram, þegar framtíðaráform voru rædd við hann. Áberandi var nú eins og áður, hve afneitandi Steingrímur er á eigin vandamál, hve hann réttlætir eigin hegðun ákaft, jafnvel þegar hann sér, að öllum öðrum sé ljóst, að hann hafi gerst brotlegur. Hann forðast í lengstu lög að taka ábyrgð á eigin gerðum og virðist lítið læra af því, sem áður hefur gerst í hans lífi. Og þegar þörf og möguleikar á meðferð eru ræddir, þá á hann erfitt með að fjalla um þau mál út frá vandamálum sínum, heldur lítur hann á þannig (sic) umræðu sem tækifæri til að semja um stöðu sína.

Þegar ástand Steingríms er borið saman við andlegt ástand hans á s.l. ári, þegar geðrannsókn fór fram, er ekki um neinar meiri háttar breytingar að ræða á geðhögum hans. Það er ekki að finna nein merki um geðveiki á því stigi, að raunveruleikatengsl séu trufluð eða að hann sé haldinn haldvillum eða ofskynjunum, sem geti leitt hann til voðaverka. Og hann neitar staðfastlega því, að

hann hafi hótað nokkrum lífláti, hvað þá, að hann myndi fylgja slíkum hótunum eftir.

Sjúkdómsgreining Steingríms er því hin sama og á sl. vori:

1: Persónuleikatrufun með andfélagslegri hegðun (sociopathic personality disorder). Þetta er viðvarandi ástand og skýrir m.a. hegðun þá, sem leiddi til beiðni um geðlæknisráðgjöf.

2: Áfengissýki, sem getur orðið virk hvenær sem er.

3: Afbrigðileg kynhneigð (homosexual pedophilia). Engu er hægt að spá fyrir um, hvort þessi sjúkdómur taki sig upp aftur eða ekki.

Varðandi frekari útskýringar á ofangreindri sjúkdómsgreiningu vísast til geðrannsóknar undirritaðs frá 10. maí 1990. Og rétt er að taka fram, að þó svo að fátt bendi til þess nú, að Steingrímur sé líklegur til að brjóta af sér á næstunni, þá er ekki hægt að segja með neinni vissu *út frá geðlæknisfræðilegum forsendum*, að hann muni ekki brjóta af sér.

Rætt var við Steingrím um lyfjameðferð með andhormónum. En eins og áður hefur komið fram, þá dregur þannig (sic) meðferð úr kynhvöt, einnig afbrigðilegri kynhvöt, jafnframt því, sem hún dregur úr árásarhneigð. Steingrímur sýndi þessu máli nú ekki mikinn áhuga frekar en á sl. vori, en taldi sig þó geta sæst á þannig (sic) meðferð, ef það leysti sig undan gæsluvarðhaldi.

Varðandi þetta og önnur meðferðarúrræði þá vísast til fyrri geðrannsóknar.

Félagshagir Steingríms eru ákaflega bágbornir, og áætlanir hans um næstu framtíð eru mjög óraunhæfar. Það hlýtur að vera varhugavert að útskrifa hann úr fangelsi, án þess að nokkur úrræði liggi fyrir um íverustað, framfærslu og annan stuðning. En það mál hlýtur að vera í höndum Fangelsismálastofnunar og/eða Félagsmálastofnunar. En ljóst er, að verði ekkert raunhæft að gert, þá aukast líkur á ofdrykkju, sem aftur getur leitt til lögbrota fyrr heldur en seinna.

Ekki eru geðlæknisfræðilegar forsendur nú fyrir því að svipta hann sjálfræði.“

Um framangreinda geðrannsókn læknisins vorið 1990 vísast til dóms sakadóms Reykjavíkur 11. júní 1990, sbr. dóm Hæstaréttar 16. nóvember sama ár.

II.

Aðalkrafa varnaraðila um ómerkingu hins kærða úrskurðar er byggð á því, að réttargæslumanni hans hafi við meðferð málsins í sakadómi Reykjavíkur 23. febrúar sl. verið synjað um munnlegan málflutning, annars vegar um kröfu hans um frávisun ákæru, sem gefin var út á hendur varnaraðila 22. sama mánaðar, og hins vegar um kröfur ákæruvaldsins um gæsluvarðhald og geðheilbrigðisrannsókn.

Svo sem fram kemur í endurriti ofangreinds þinghalds í sakadómi Reykjavíkur, var dómþing haldið til að taka fyrir kröfur ákæruvalds um gæsluvarðhald og geðheilbrigðisrannsókn. Var slík málsmeðferð heimil.

Réttargæslumaður varnaraðila var á dómþinginu. Gerði hann athugasemdir, sem bókaðar voru. Honum var hins vegar neitað um munnlegan málflutning um kröfur ákæruvaldsins. Dómaranum var rétt að verða við ósk réttargæslumannsins að þessu leyti, en eins og hér stendur á, eru ekki efni til að ómerkja meðferð málsins af þessum sökum.

III.

Kröfur ákæruvalds um gæsluvarðhald eru byggðar á 1., 5. og 6. tölulið 1. mgr. og 2. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974. Er jafnframt vísað til fyrrgreindrar ákæru á hendur varnaraðila, sem til meðferðar er í sakadómi Reykjavíkur, og einnig til vottorða fangelsislækna og skýrslu fangelsisprests, en gögn þessi eru rakin í hinum kærða úrskurði.

Upphaf 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 hljóðar svo: „Mann má því aðeins setja í gæsluvarðhald, að ástæða þyki til þess að ætla, að hann hafi gerst sekur um refsiverða hegðun.“ Síðan eru í málsgreininni talin upp í sex töluliðum nánari skilyrði til beitingar gæsluvarðhalds. Varnaraðili er nú ekki grunaður um refsiverða hegðun. Skortir því lagaheimild til að beita ákvæðum 1. mgr. 67. gr. í máli þessu.

Í 2. mgr. 67. gr. ofangreindra laga segir: „Enn fremur má setja þann í varðhald, er heitast hefur við annan mann, ef það telst nauðsynlegt til að verja aðra fyrir árásum þess, er fyrir þeim sökum er hafður.“

Í máli þessu liggja fyrir, svo sem áður er að vikið, vottorð fangelsislækna og skýrsla fangelsisprests um heitingar varnaraðila gagnvart ótilteknum aðilum. Í vottorði eins læknisins er þó talað um „óbein- ar hótanir“ í hans garð, en engin kæra hefur verið lögð fram þetta varðandi. Í ofangreindu ákvæði felst áskilnaður um heitingar gegn ákveðnum manni eða mönnum, en hér er slíku ekki til að dreifa.

Samkvæmt framansögðu eru ekki lagaskilyrði til að verða við kröfu ákærvalds um gæsluvarðhald varnaraðila.

IV.

Pegar virt er álitserð Högna Óskarssonar geðlæknis, sem rakin er hér að framan, þykir ekki leitt í ljós, að þörf sé á þessu stigi máls að mæla fyrir um nýja geðheilbrigðisrannsókn.

Dæma ber ríkissjóð til að greiða réttargæslumanni varnaraðila þóknun fyrir réttargæslu í héraði og málf lutning fyrir Hæstarétti, alls 50.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Ríkissjóður greiði Ragnari Aðalsteinssyni hæstaréttarlög- manni, réttargæslumanni varnaraðila, Steingríms Njálssonar, réttargæslu- og málf lutningsþóknun, samtals 50.000 krónur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 23. febrúar 1991.

Ár 1991, laugardaginn 23. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að Steingrími Njálssyni refsifanga, kt. 210442-3679, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til uppkvaðningar dóms í máli ákærvaldsins gegn Steingrími Njálssyni, en þó eigi lengur en til mánudagsins 22. apríl nk. kl. 15.00. Jafnframt er þess krafist, að honum verði gert að gangast undir geðheilbrigðisrannsókn.

Af hálfu ákærða er framangreindum kröfum ríkissaksóknara mótmælt. Enn fremur er þess krafist, að ákærinni verði vísað frá dómi.

Hinn 22. þ.m. gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur framangreindum Steingrími skv. 10. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 74, 1974. Ákærði sætir fangelsisvist skv. dómi Hæstaréttar frá 16. nóvember sl., og lýkur hann

afplánun kl. 8.00 í fyrramálið. Í ákærinni segir, að málið sé höfðað „í því skyni, að honum verði gert að refsingu lokinni að sæta gæslu skv. 65. og 66. gr. almennra hegningarlaga, þar sem telja verði hann hættulegan vanaafbrotamann, sem margsinnis hefur hlotið refsisdóma, m.a. fyrir skír-lífisbrot gagnvart ungum drengjum, oft framin undir áhrifum áfengis, síðast 12 mánaða fangelsi samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 16. nóvember 1990, og hefur ekki látið skipast við endurtekna refsisdóma, fullnustu þeirra og lækni meðferð, og að veruleg hætta sé á því, að hann muni hefja áfengisneyslu og halda áfram brotum, ef hann gengur laus, miðað við undanfarandi breytni hans og umsagnir fangelsislækna og fangaprests um andlegt ástand hans nú.

Þess er krafist, að ákærði verði látinn sæta öryggisráðstöfunum samkvæmt 65. og 66. gr., sbr. 67. gr. almennra hegningarlaga, sem miði að því að stemma stigu við frekari brotum hans og að ráða bót á áfengissýki hans og koma fram lyfjameðferð í því skyni að vinna gegn kynferðislegum misþroska hans.

Þess er enn fremur krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Í bréfi ríkissaksóknara, sem fylgir ákærinni, er þess krafist, eins og áður er að vikið, að ákærða verði með dómsúrskurði gert að gangast undir geðheilbrigðisrannsókn. Er í því sambandi vísað til d-liðar 2. tl. 2. mgr. 75. gr. laga nr. 74, 1974. Skuli sú rannsókn einkum miða að því að upplýsa um andlegt ástand hans nú og hverjar líkur séu á því, að hann haldi áfram afbrotum, enn fremur um viðhorf hans til frekari lækni- og lyfjameðferðar í því skyni að ráða bót á kynferðislegum misþroska hans og drykkjúsýki. Þá segir í bréfinu, að til þess að tryggja, að slík rannsókn geti farið fram óhindrað, þyki nauðsynlegt, að Steingrímur verði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi í framhaldi af refsivist. Er í því sambandi vísað til 1., 5. og 6. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974. Í bréfinu er einnig vísað til bréfa fangelsislæknanna Sigurðar Árnasonar og Gylfa Haraldssonar og ummæla Ólafs Jens Sigurðssonar fangelsisprests í skýrslu hans hjá RLR í gær um andlegt ástand Steingríms og þá hættu, sem þeir telja stafa af honum, gangi hann laus. Loks er minnt á geðrannsókn, sem fram fór á ákærða í maí 1990 af hálfu Högna Óskarssonar geðlæknis.

Í bréfi Sigurðar Árnasonar til ríkissaksóknara, dagsettu 15. þ.m., segir svo m.a.: „Ég hefi nýlega átt viðtal við ofangreindan fanga. Hann sýndi í samtalinu veruleg merki um hömluleysi, var ákaflega hávær og illyrstur í garð allra, sem hafa haft með mál hans að gera innan fangelsis sem utan. Enn fremur var hann með óbeinar hótanir í minn garð og hélt fram, að undirritaður hefði sýnt glæpsamlegt athæfi með því að leggja fram tillögu um lyfjameðferð honum til hjálpar. Samstarfslæknir minn í fangelsunum,

Þórarinn Gíslason, hefur svipaða sögu af Steingrími að segja, svo og Gylfi Haraldsson, læknir á Litla-Hrauni.

Þetta breytta hegðunarmynstur vekur verulegan ugg um það, að ofangreindur fangi gæti verið hættulegur sjálfum sér og öðrum. Með tilliti til ofangreinds við fangann fer ég eindregið fram á nýja geðrannsókn á framangreindum fanga.“

Í bréfi Gylfa Haraldssonar, fangelsislæknis á Litla-Hrauni, dagsettu 21. þ.m., til rannsóknarlögreglu ríkisins, segir svo m.a.: „Í upphafi skal tekið fram, að undirritaður hafði kynni af Steingrími Njálssyni í fangelsinu á Litla-Hrauni frá því í mars 1988 og fram í júlí það sama ár, síðan eftir endurkomu Steingríms á Litla-Hraun nú í júní 1990 og þar til hann fór þaðan fyrir nokkrum vikum. Af kynnum mínum af Steingrími Njálssyni er það ljóst, að hann er ekki heill á geðheilsu (sic).

Þann 3. desember sl. átti undirritaður t.d. langt samtál við Steingrím. Það var eftir að lokadómur féll í síðasta máli hans. Hann hafði þá eins og reyndar stundum áður í hótunum við marga aðila, sérstaklega þennan daginn við dómara og starfsmenn í dómsmálaráðuneyti, talaði um, að næst, þegar hann kæmi inn í fangelsi, myndi hann koma inn eftir morð, því að hann ætlaði að sjá fyrir svo og svo mörgum, þegar hann losnaði úr fangelsinu. Steingrímur bað undirritaðan að skýra frá þessu í Fangelsismálastofnun og eins því, að næst, þegar hann færi út úr fangelsi, að þá yrði það í plastpoka.

Hann minntist þá fortíðar sinnar og taldi, að öll sund væru nú lokuð og einungis hefnd eftir af hans hálfu. Í þessu samtali sem og fyrri samtölum virtist Steingrímur sér þess fullmeðvitandi, hvað hann sagði og meinti. Hann var að öllu jöfnu rólegur í viðtölum við lækna, en þennan dag óvenjuorðljótur og heiftúðugur. Niðurstaða undirritaðs er því, að maður, sem svo hugsar og formar framtíðaráætlanir sínar, geti ekki verið heill á geðheilsu (sic), og væri honum full þörf á að komast á sérstaka deild sér til hjálpar, þar sem geðveilir afbrotamenn væru vistaðir.“

Þá liggja frammi í málinu þrjár skýrslur RLR, sem fjalla um símaviðtöl við framangreinda lækna. Í samtali við Sigurð Árnason kom fram, að hann kvaðst hafa sent ríkissaksóknara framangreint bréf og í því gerði hann tæmandi grein fyrir álitinu sínu varðandi ákærða. Ekki væri um það að ræða að leggja fram kæru á hendur honum fyrir hótanir eða að rekja nánar samtöl þeirra, heldur vekja athygli ríkissaksóknara á breyttu hegðunarmynstri hans.

Í samtali við Þórarinn Gíslason fangelsislækni kemur fram, að hann vissi af bréfi Sigurðar til ríkissaksóknara og efni þess, og væri hann samþykkur því, sem þar kæmi fram. Vísaði hann til bréfsins, en tók fram, að ekki væri um að ræða kæru af hans hálfu á hendur ákærða fyrir hótanir eða að veita frekari upplýsingar um samtöl sín við hann.

Í símtali við Gylfa Haraldsson kemur fram, að hann hafi haft með ákærða að gera, meðan hann var vistaður á Litla-Hrauni. Honum væri kunnugt um bréf Sigurðar Árnasonar, en tók fram, að ákærði hefði ekki haft í frammi hótanir við sig.

Þá þykir einnig rétt að rekja skýrslu sr. Ólafs Jens Sigurðssonar fanga-prests, sem hann gaf hjá RLR hinn 21. þ.m., en þar segir svo m.a.: „Eins og ástatt er í dag, tel ég Steingrím geta verið samfélagslega hættulegan. Kemur þar til, að andlegt jafnvægi mannsins hefur aldrei verið í lakara ástandi en nú, þann tíma, sem ég hef til hans þekkt. Enn í dag neitar Steingrímur að gangast við sekt sinni, sem öll þjóðin veit þó, hver er, og hann hefur raunar meðgengið frammi fyrir dómara, að hann hafi kynferðislega hneigið til ungra drengja. Sé á þetta minnst við Steingrím, umturnast hann. Öll úrræði, allar tilraunir til að aðlaga Steingrím eðlilegu samfélagi hafa mistekist þann tíma, sem ég hef til hans þekkt. Ástæðan hefur ævinlega verið sú, að hann hefur brugðist sjálfur, en sakast ævinlega við aðra vegna veikleika síns og sektar. Steingrímur er í dag forhertur, hefur í hótunum og vill reyna að nýta sér það ástand, sem upp er komið í dag, til þess að fá fjármuni úr opinberum sjóðum. Verði Steingrímur látinn laus, er það skoðun mín, að það sé ábyrgðarlaust gagnvart samfélaginu og gagnvart honum sjálfum. Í langri fangelsisvist hefur tíminn aldrei verið notaður til þess að veða að rötum þess vanda, sem Steingrímur á við að stríða, og með tímanum hefur hann orðið andþjóðfélagslega sinnaðri og heiftúðugri. Mín skoðun er sú, að ekkert geti hjálpað Steingrími annað en það, að hann verði að horfast í augu við vanda sinn og vinna sig út úr honum með aðstoð þeirra, sem til þess eru hæfir. Steingrímur er talinn af sérfræðingum haldinn drykkjusýki, og undir áhrifum áfengis er hann stórlega hættulegur. Án áfengis treystir hann sér ekki til að laga sig að mannlegu samfélagi og flýr því strax á náðir áfengis. Það er álit mitt að fenginni reynslu, m.a., þegar honum var veitt reynslulausn 27. desember sl. og mér var falið að líta til með honum, að það sé stórvarhugavert að veita Steingrími ótakmarkað frelsi, án þess að gerðar verði rækilegar ráðstafanir til að veita honum lækningu meina sinna.“ Enn fremur kemur fram í skýrslunni, að Steingrímur hafi ekki haft í hótunum við prestinn. Hins vegar hafi hann haft í frammi hótanir og verið heiftúðugur í garð annarra. Ekki vildi hann þó nafngreina neinn í því sambandi, en taka beri þessar hótanir mjög alvarlega, ekki síst fyrir þær sakir, að andlegt ástand ákærða hafi ekki verið lakara en einmitt um þessar mundir, enda segir hann meiri líkur á því en oft áður, að ákærði muni hefja áfengisneyslu, strax og hann fær frelsi sitt. Hann neitaði að skýra frá því, hverjar þessar hótanir og/eða heitingar væru, og vísaði í því sambandi til 94. gr. laganna um meðferð opinberra mála. Í niðurlagi skýrslu prestsins segir svo: „Mér er í fersku minni sá tími, er Steingrímur

hafði frelsi sitt 1989, seinni hluta þess árs, að þá kom hann iðulega á skrifstofu mína og hældist um af því, í mín eyru og annarra, sem staddir voru hjá mér, að hann hreldi fólk með símhringingum og andlegum hremmingum. Ég minni loks á þá hættu, sem mun skapast og ég vék að hér að framan, með því, að Steingrími verði veitt óskert frelsi, án þess að hann vinni sig sjálfur út úr vandanum með aðstoð hæfra manna, en fram til þessa hefur hann verið að forherðast í afbrotum sínum.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá 11. nóvember 1963 til 16. nóvember sl. hlotið samtals liðlega 11 og 1/2 árs fangelsisrefsingu fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, umferðarlögum og fleiri sérrefsilögum, þar af sex dóma fyrir skirlífisbrot o.fl., samtals 6 ára og 10 mánaða fangelsi.

Eins og hér stendur á og eðli málsins samkvæmt, verður krafa verjanda ákærða um frávisun ákæru á þessu stigi málsins ekki tekin til greina.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, og skírskotun til 1., 5. og 6. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að taka kröfu ákæruvaldsins um gæsluvarðhald yfir ákærða til greina, eins og hún er fram sett. Í ljósi þess, sem um getur í gögnum málsins, einkum samdóma álits fangelsislæknanna, þykir einnig rétt með vísan til d-liðar 2. tl. 2. mgr. 75. gr. laga nr. 74, 1974, að ákærði skuli, meðan á gæsluvarðhaldinu stendur, gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sinni, er einkum miði að því að upplýsa um andlegt ástand hans nú og hverjar líkur séu til þess, að hann haldi áfram afbrotum, og enn fremur viðhorf hans til læknis- og lyfjameðferðar í því skyni að ráða bót á kynferðislegum misþroska hans og drykkjusýki.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til uppkvaðningar dóms í máli ákæruvaldsins gegn honum, en þó eigi lengur en til mánudagsins 22. apríl nk. kl. 15.00. Hann skal, meðan á gæsluvarðhaldinu stendur, gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sinni.